

Starfshópur um framtíðaruppbyggingu Íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi

Skipan

Starfshópur um framtíðaruppbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi er skipuð fimm fulltrúum. Með hópnum starfar sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og verkefnastjóri framkvæmdarsviðs. Hópurinn starfar í nánú samstarfi við hönnuði verksins þegar val á hönnuði liggur fyrir.

Hlutverk

Hlutverk hópsins er að gera tillögu um framtíðaruppbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi ásamt því að greina þær viðhalds- og nýframkvæmdir í íþróttamiðstöðinni sem nauðsynlegt er að fara í á næstu árum.

Þar undir heyra m.a. eftirfarandi þættir:

- Þarfagreining
 - Hvaða starfsemi á íþróttamiðstöðin að hýsa?
 - Hver skal vera stærð hennar?
- Skipulagsmál
 - Tenging við núverandi íþróttahús.
 - Útlit og efnisval.
 - Umferðarmál, bílastæði og aðkoma
- Staðarval
 - Hvar á íþróttamiðstöðin að standa?
 - Samnýtingarmöguleikar við núverandi íþróttahús.
- Kostnaðarmat
 - Kostnaður við mismunandi efnismöguleika í byggingu hússins
 - Tenging við núverandi íþróttahús
 - Allur laus búnaður
 - Rekstrarkostnaður

Fyrirkomulag vinnu

Starfshópurinn mun hefja störf í maí 2019 og skili tillögum til sveitarstjórnar í september 2020. Greitt er fyrir setu í starfshópnum samkvæmt reglum Borgabyggðar. Starfshópurinn fundar reglulega og skal kalla til sín á fundi aðila sem málið varða auk þess að afla nauðsynlegra gagna og nýta fyrirbyggjandi skýrslur sem unnar hafa verið um íþróttamiðstöðina í Borgarnesi.

Samráð

Starfshópurinn skal hafa að leiðarljósi að nýta sem best núverandi húsnaði íþróttamiðstöðvarinnar og endurskipuleggja það með það fyrir augum að hámarka nýtingu þess. Ennfremur skal hann hafa gott samráð við stjórnendur, starfsfólk og notendur íþróttamiðstöðvarinnar og Grunnskólans í Borgarnesi.